daglegt líf



Ullarstóll Nýstárlegt en virkar hjá Hildi Helgu Zoega



Naumhyggja Skemmtilegt ljós frá Guðlaugu Friðgeirsdóttur og Elle Kunnos.



Blómastell Þóra Breiðfjörð nefnir form sín eftir blómum eins og Baldursbrá og Hvönn.



Grafísk íþrótt Það er kímni í grafískum útfærslunum á Puma skónum.

Súkkulaðifjöll á Kjarvalsstöðum

Ég lærði að segja nei í tengslum við uppsetningu þessarar sýningar en það var oft mjög erfitt," segir Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir sýningarstjóri Magma/Kvika, sem opnar í dag á Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum á Listahátíð í Reykjavík. „Gróskan er svo mikil í íslenskri hönnun um þessar mundir en heiti sýningarinnar vísar einmitt til þess mikla sköpunarkrafts sem þar ríkir, hugmyndaauðgi og framkvæmda."

Þegar gengið er um sali Kjarvalsstaða er óhjákvæmilegt annað en að staldra við marga skemmtilega hluti. Ósjaldan á skoðandinn í innri samræðum við sjálfan sig: „Hvernig í ósköpunum datt hönnuðinum þetta eiginlega í hug?" segir hann við sjálfan sig og svarar: „Þetta er nú sniðugt!" Stundum finnst honum hönnunin skemmtileg en myndi ef til vill ekki beinlínis hafa hana heima hjá sér. „Þetta myndi hins vegar falla eins rós í vasa hjá Gunnu frænku."

Það er svo ótalmargt sem kemur á óvart á Kjarvalsstöðum. Eins og teymið sem rekur hönnunarstofuna Karlssonwilker Inc. í New York og hannað hefur þrjár grafískar útfærslur á skó fyrir Puma. Hjalti Karlsson og Jan Wilker heita hönnuðirnir sem m.a. skrifuðu hvor sína smásöguna á eitt skóparið, skemmtilegar aflestrar.

Fjöllum Íslands hefur löngum verið sómi sýndur bæði í myndum og máli en það er óhætt að segja að aldrei fyrr hefur þeim verið lýst á jafn bragðgóðan hátt og í hönnun þeirra Brynhildar Pálsdóttur og Hafliða Ragnarsson, súkkulaðimeistara í Mosfellsbakarí. Súkkulaðifjöllin, Jökull, Drangar, Stapi og Eldborg eru byggð á ljúffengri jarðfræði: Kvikuhólfin eru úr karamellu, bólstrabergið er hnetufylling, hvítt súkkulaðið táknar snjóalögin og dökkt súkkulaði svarta hamra. „Molarnir eru stórir enda er lágmark að fólk finni fyrir því að borða heilt fjall," segir hönnuðurinn Brynhildar í léttum tón.

Þetta eru aðeins tvö brot af verkum rúmlega 80 framsæknustu hönnuða á Íslandi sem taka þátt í Magma/Kvika. Ótalinn er fjöldi þeirra og eins og ætlunin er varpar sýningin ljósi á mikilvægi hönnunar í umhverfinu. Hver einasti hlutur á sér sögu og samhengi sem sjaldnast er skráð utan á þá. Á sýningunni drýpur af íslenskri hönnun og nýsköpun – eins og súkkulaðifjöllum.

uhj@mbl.is



Morgunblaðið/G.Rúnar

Gróska Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir sýningarstjóri Magma/Kvika er ánægð með gróskuna sem er í íslenskri hönnun um þessar mundir.



Súkkulaðifjöll Íslensk náttúra hefur aldrei verið eins bragðgóð og í hönnun Brynhildar Pálsdóttur og Hafliða Ragnarssonar.

Íslenskt úrval í Kjarvalsbúðinni

Á KJARVALSSTÖÐUM verður í tengslum við sýninguna Magma/Kvika starfrækt verslun þar sem kennir ýmissa grasa, sem reyndar sum má finna á sýningunni sjálfri. Margt þar er svo dásamlega íslenskt eins og brennivínssokkurinn úr lopanum handa gumum lands og þjóðar, hraunhringurinn, sem er dramatískur á fósturlandsins freyjum og selshamurinn sem ætti að verja kornabörnin fyrir kuldabola norðursins. Á ættarmótum sumarsins er svo tilvalið að grípa í hrútaeða goðaspilin, sigurvegarana má verðlauna, leyfa börnunum að leika sér með leggi og skel í völuskríninu og líta svo endrum og eins tímann, sem bókstaflega hefur verið uppstoppaður á svalasta tölvuúrinu í sumar.

Íslensk hönnun er svo tilvalin í útskriftar- og brúðkaupsgjafir, en boð í slíkar viðhafnir eru árviss viðburður hjá flestum og jafnan sami höfuðverkurinn hvað hæfi nú að gefa af því tilefni.

Sýningin verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum, á Listahátíð í Reykjavík, laugardaginn 19. maí kl. 16 og stendur til 26. ágúst. Í hádeginu á fimmtudögum verður boðið upp á leiðsögn um sýninguna.

Safinn gerir ekki sama gagn

ÞAÐ getur vissulega verið gott og heilsusamlegt að fá sér hreinan ávaxtasafa endrum og sinnum. Hinsvegar kemur hreinn ávaxtasafi ekki í staðinn fyrir þá ávaxtaneyslu, sem talin er mannslíkamanum bæði holl og nauðsynleg. Þrátt fyrir að hreini safinn geti auðvitað verið góður, telja sérfræðingar að hann komi ekki í staðinn fyrir hreina ávexti. Það er því enn mælt með því að fólk reyni að innibyrða að lágmarki fimm ávaxta- og grænmetisskammta á dag til að freista þess að stuðla að góðri heilsu og til varnar langvarandi kvillum á borð við hjartasjúkdóma og krabbamein, að því er segir nýlega í vefmiðli NBC.

Bandarískar neyslukannanir sýna að aðeins innan við fjórðungur Bandaríkjamanna mætir lágmarksviðmiði um daglega ávaxta- og grænmetisþörf líkamans. Menn hafa því ætlað að bæta úr með því að skella í sig nokkrum glösum af



Morgunblaðið/Eggert

ávaxtasafa yfir daginn. Það hjálpar vissulega og sýnir sig í því að andoxunarefnin í líkamanum aukast og það minnkar líkur á hjartasjúkdómum, krabbameini, augnsjúkdómum og jafnvel elliglöpum.

Rannsóknir hafa á hinn bóginn sýnt að í velflestum ávöxtum og grænmeti er andoxunarefnin helst að finna í berki og hýði og ná því ekki að fara í safann, nema að litlum hluta til, þegar hann er pressaður úr hýðislausum ávöxtunum.

Minnistöflur
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is
FOSFOSER MEMORY
Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi

víkverji skrifar

vikverji@mbl.is

Þessa dagana er stödd hér á landi bandarísk kona að nafni Anna Kisselgoff. Henni var boðið hingað á vegum Listahátíðar og ekki að ástæðulausu.

Anna Kisselgoff var í áratugi aðalballettgagnrýnandi bandarískra stórblaðsins New York Times. Raunar má segja að hún hafi borið höfuð og herðar yfir aðra ballettgagnrýnendur á Vesturlöndum.



... að vona að hann kveiki á perunni.

Í starfi sínu hjá New York Times fylgdist Anna Kisselgoff með dansferli Helga Tómassonar, fyrst sem dansara í New York og síðar sem stjórnanda San Francisco-ballettsins, sem sækir Ísland heim á Listahátíð nú.

Morgunblaðið sagði reglulega frá umsögnum Önnu Kisselgoff um þær sýningar, sem Helgi Tómasson dansaði í. Þannig má segja, að íslenzka þjóðin hafi fylgzt með ferli Helga Tómassonar í gegnum skrif Önnu Kisselgoff. Þessi athyglisverða kona hefur því átt mikinn þátt í að opna augu Íslendinga fyrir þeim miklu afrekum, sem Helgi var að vinna á sínu sviði í Bandaríkjunum.

Fyrir þetta merka starf var Anna Kisselgoff sæmd íslenzku Fálkaorðunni fyrir nokkrum árum.

Það er athyglisvert að kynnast því hvernig gagnrýnendur á heimsmælikvarða, eins og Anna Kisselgoff, vinna. Milli þeirra Helga Tómassonar voru engin samskipti í 15 ár til þess að enginn gæti sagt að vinátta á milli þeirra hefði áhrif á skrif hennar og umfjöllun um sýningar, sem hann dansaði í.

Það er erfiðara fyrir gagnrýnendur í okkar litla samfélagi að vinna á þann veg.

Það var vel til fundið hjá Listahátíð að bjóða Önnu Kisselgoff hingað til lands til þess að kynnast því umhverfi, sem Helgi Tómasson er sprottinn úr.

Hún skrifar enn um ballett, þótt hún hafi látið af störfum sem gagnrýnandi New York Times.

Þessi hógværa kona byggir á mikilli reynslu og þekkingu. Hún er þriðja kynslóð sinnar fjölskyldu, sem hefur sýnt ballett áhuga.